

Dalvíkurbyggð
Þorsteinn K. Björnsson,
sviðsstjóri
Bæjarskrifstofan ráðhúsinu
620 Dalvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. júní 2011
Tilvísun: UST20110500072/vgh

Efni: Deiliskipulagstillaga athafnasvæðis í Ytra-Holti í Dalvíkurbyggð

Vísað er til bréfs Ágústs Hafsteinssonar arkitekts f.h. Þorsteins Björnssonar bæjartæknifræðings á Dalvíkurbyggð dags. 5. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna deiliskipulagstillögu að athafnasvæði í Ytra-Holti í Dalvíkurbyggð.

Athafnasvæðið sem er skilgreint í aðalskipulagi 2008-2020 sem athafnasvæði og opið svæði til sérstakra nota, er um 18 ha að stærð. Svæðið er í vesturhluta Svarfaðardals, u.b.b. 2 km frá Dalvík og afmarkast að norðan af landamerkjum við Hrafnstaðakot og að sunnan af landamerkjum við Syðra-Holt. Á svæðinu er nú kjúklingabú á um 9 ha, bifreiðaverkstæði á um 0.1 ha og skógræktarreitur á um 0.7 ha. Að öðru leyti er svæðið í dag óræktað land.

Markmiðið með deiliskipulagstillögnum er annars vegar að koma upp heilstæðri mynd af athafnasvæðinu, þar sem ekkert deiliskipulag liggar nú fyrir og hins vegar að auka fjölbreytni í lóðaframboði. Skipulagðar eru lóðir fyrir léttan iðnað sem er heppilegur í grennd við hesthús og kjúklingabú. Tulkun sveitarfélagsins er sú að kjúklingabúið gefi fordæmi fyrir lóðir undir frístundabúskap og gæludýrakirkjugarð. Í tillögnum eru skipulagðar 17 lóðir, þar af eru 5 almennar athafnalóðir, 9 lóðir ætlaðar undir frístundafjárbúskap, 1 stór athafnalóð undir kjúklingabú, 1 skógræktarreitur og gæludýrareitur.

Í greinargerð kemur fram að það er mat Dalvíkurbyggðar að deiliskipulagstillaga vegna athafnasvæðis í Ytra-Holti í Dalvíkurbyggð falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana. Telur sveitarfélagið að framkvæmdir samkvæmt skipulagsáætluninni gefi ekki tilefni til sérstakra mótvægisáðgerða og ekki er talin ástæða að vakta sérstaklega áhrif áætlunarinnar umfram það eftirlit sem lögboðnir eftirlitsaðilar hafa.

Á lóðum fyrir frístundafjárbúskap skal samkvæmt mengunarvarnarreglugerðum vera 6 mánaða haughús við peningahús og öll umgengni og aðbúnaður skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 804/1999 ásamt því að vera háð eftirliti heilbrigðiseftirlits. Á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra hefur verið samþykkt að leyfa hesthús og önnur

gripahús í skipulögðum búfjárhverfum, samþykktin er nr. 198 frá 6. febrúar 2009.

EKKI ER TALIÐ AÐ FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR VEGNA DEILISKIPULAGSTILLÖGU ATHAFNASVÆÐISINS HAFI TELJANDI NEIKVÆÐ ÁHRIF Á NÁNASTA UMHVERFI. SVÆÐIÐ ER DEILISKIPULAGSTILLAGAN NÆR YFIR ER EKKI Á NÁTTÚRUVERNDASKRÁ OG NÝTUR EKKI SÉRSTAKRAR VERNDAR SAMKVÆMT 37. GR LAGA NR. 44/1999. EKKI ER ÁÆTLAÐ AÐ AF ÞEIRRI ATVINNUSTARFSSEMI SEM BYGGIST UPP Á SVÆÐINU STAFI MIKIL HÆTTA Á MENGUN. KJÚKLINGABÚIÐ SKAL HAFNA FÆRRI EN 40.000 STÆÐI FYRIR KJÚKLINGA EÐA HÆNUR OG ER ÞVÍ EKKI TILKYNNINGARSKYLD FRAMKVÆMD TIL ÁKVÖRÐUNAR UM MATSKYLDU SKV. 2 VIÐAUKA VIÐ LÖGUM UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.


Til þess að lágmarka neikvæð áhrif af skipulagstillögunni verður leitast við að rækta upp náttúrulegan gróður á jöðrum raskaðs lands og óhreyfðs lands. Við öll lóðamörk sem liggja að opnu landi verður komið fyrir beltí af trjám og runnum sem plantað verður óreglulega í landið og lítillega inn á opnað landið þannig að ekki myndist bein gróðurlína.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir að frístundafjárbúskapur og léttur iðnaður getur farið vel saman og í nálægð við kjúklingabú. Stofnunin bendir á gr. 8.2 í reglugerð nr. 796/1999 en gera skal skýringaupprátt sem sýnir ástand vatns sbr. 9. gr. Einnig bendir stofnunin á gr. 4 tl.3 í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, en utan þéttbýlis. Meta þarf hvort þetta eigi við en þar sem fjöldi húsa er u.þ.b. 20 á hverja 10 ha og/eða atvinnustarfsemi felur í sér losun sem nemur u.þ.b. 50 persónueiningum eða meira á hverja 10 ha skal sveitarfélagið sjá til þess að skólpi sé safnað á kerfisbundinn hátt með safnkerfi, stofnlögnum og sameiginlegu hreinsivirkni.

Að öðru leiti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildastjóri


Vilborg G. Hansen
Sérfræðingur